

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 30. júní 1977:

Spæringsmjöl, .....	\$ 7.00 á próteiningu í lest.
Kolmunnamjöl, .....	\$ 7.00 á próteiningu í lest.

Verðbil verður 15% og miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 192.30.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 55% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1977.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

13. júní 1977.

Nr. 248.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1977:

**6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.**

7—9 kr.	1 344.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	1 275.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	1 214.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	1 058.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	945.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
24—30 —	867.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	578.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.

**6×3 kg. og 5×6 lbs. í skel með görn.**

7—12 kr.	954.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	867.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—30 —	694.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	520.00 pr. lb.	Cif. U. S. A.

**5×3 kg. í skel með görn.**

35—60 kr.	296.00 pr. lb. Cif. Milano.
45—60 —	296.00 pr. lb. Cif. Milano.

**6×5 lbs. í skel með görn.**

7—9 kr.	1 210.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12 —	1 148.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15 —	1 093.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18 —	952.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24 —	851.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
24—30 —	780.00 pr. lb. Cif. U. S. A.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1977.*

F. h. r.

Gylfi Þórðarson.

*Kristín Magnússon.*

Nr. 249.

15. júní 1977.

## AUGLÝSING

um friðlýsingu Salthöfða og Salthöfðamýra, Hofshreppi,  
Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Salthöfða og hluta af Salthöfðamýrum í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið **friðland**.

Mörk svæðisins eru þessi:

Salthöfði ásamt Gimlukletti, Loddudrang og Einstakakletti. Að norðan bein lína nyrst úr nyrsta kletti í Salthöfða vestanverðan neðst í klettinn vestan við lækinn sem rennur við Fjárklif. Að vestan lína úr gljúfurmyrri vestan Miðfellstanga um lækinn við Fjárklif í línu að sunnan. Að sunnan (sjávarmegin) lína sem tekur mið af efri Kvíarhól (við enda Kvíarmýrarkamb) að suðurbrún Steinafjalls í Suðursveit. Frá suðurmörkum að austan lína suðaustur frá Álhólma um Landál milli Álhólma og Stórusvæðu eftir miði í Fjárklif en frá Álhólma eftir miðjum Landál að Salthöfðanefi.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Óheimilt er að breyta landslagi á svæðinu, náttúrulegu grunnvatnsborði og rennsli straumvatna. Vikurtekja við Salthöfða er háð eftirliti umsjónaraðila friðlandsins.
2. Mannvirkjagerð er óheimil í friðlandinu nema samkvæmt samningum milli ábúenda og Náttúruverndarráðs eða með sérstöku leyfi umsjónaraðila (sbr. 6. gr.). Gildir þetta um byggingar, vegi, skurði, girðingar og önnur mannvirki. Heimilt er þó að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu við friðlýsingu, m. a. girðingum.